

Tillaga stjórnar að lagabreytingu, lagt fram á aðalfundi 28. apríl 2025.

6. grein

Stjórn samtakanna ber ábyrgð á daglegum rekstri og eftirliti með starfseminni, þ.á.m. umsýslu réttindagreiðslna. Stjórn vinnur í þágu samtakanna í samræmi við samþykktir þessar og lög og reglur eins og þau eru hverju sinni. **(ný setning)** Stjórn sambandsins skal ráða sér framkvæmdastjóra til að sinna daglegum rekstri sambandsins. Hann er sambandsstjórn til aðstoðar við samningagerð, annast fjárreiður sambandsins, bókhald, bréfaskriftir, ræður annað starfsfólk sambandsins og annað sem hér að lýtur.

Stjórnarseta í RSÍ er ólaunuð. Formaður skal þó njóta þóknunar fyrir framlag sitt enda nýtur hann engra hlunninda sem greidd eru af sambandinu. Þóknun formanns skal ákveðin af stjórn og miðast við fasta upphæð sem uppfærð er árlega 1. maí miðað við launavísitölu